



Faghópur II

Fundargerð 4. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 26. mars 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Brynhildur Davíðsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson.

Fundarfrásögn:

- Viðföng.** Fundurinn snerist að mestu um umræður um viðföng og var m.a. litið til vinnu faghóps II í niðurstöðuskýrslu 1. áfanga. Ljóst má vera að einstök undirviðföng geta skarast milli yfirviðfanga (ferðaþjónusta, útivist, landbúnaður og hlunnindi). Landbúnaður og hlunnindi liggja nærri hvort öðru þar sem helstu undirviðföng eru:
 - Beit.** Virkjunarframkvæmdir geta haft áhrif á beitarnám en við ýmsar fyrri framkvæmdir hafa virkjunaraðilar staðið fyrir uppgræðslu til að koma á mótis við tapað beitarnám og glötuð vistkerfi. Framkvæmdir á hálendinu hafa kallað á brúargerð, vegi og slóða sem oft nýtast, t.d. í göngum. Ennfremur hafa virkjunaraðilar endurbyggt skála á hálendinu sem hafa nýst mikið sem áningastaðir í ferðaþjónustu, m.a. skipulögðum hestaferðum. Sveinn tók að sér að taka saman yfirlit út frá virkjunarkostunum yfir þau landsvæði sem mestu skipta í þessum efnum. M.a. mun hann hafa samráð við ráðnaut Bændasamtaka Íslands, varðandi að fá hann hugsanlega síðar inn á fund faghópsins.
 - Grös.** Aukin verðmæti talin í þessum geira vegna uppgangs í framleiðslu heilsu- og snyrtivara.
 - Veiðar.** Bæði skotveiðar og veiðar í ám og vötnum er verulegt hagsmunamál margra bænda.
 - Hestamennska og –ferðir.** Hestamennska getur skarast milli viðfanganna hlunninda, útivistar og ferðaþjónustu. Mest var rætt um hestaferðir en á mörgum svæðum eru mikil – og stöðugt aukin – umsvif á því sviði. Rík ástæða talin til að kalla til forsvarsmenn stærstu aðila á sviði skipulagðra hestaferða. Anna mun ræða við Einar Bollason hjá Íshestum og Hróðmar Bjarnason hjá Eldhestum um að mæta á fund hópsins þann 15. apríl.
- Kynning gagna.** Starfsmaður kynnti yfirlit yfir gögn sem liggja hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála á Akureyri, á vef Ferðamálastofu og tvær skýrslur sem Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði hefur látið hópnum í té. Síðastnefndu skýrslurnar eru aðgengilegar á vinnusvæði hópsins á vefsíðu rammaáætlunar. Ítrekað var að hópurinn fengi í hendur eintök af þremur skýrslum frá Rannsóknarmiðstöðinni: a) Áhrif uppistöðulóns og virkunar við Hagavatn, b) fyrirhugaðar virkunar á Þeistareykjum og c) við Kröflu (áttu nokkuð nöfn á b og c. Þá lagði

starfsmaður fram svar Rögnvaldar Guðmundssonar frá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðapjónustunnar um gögn í hans fórum og möguleika á nýtingu þeirra. Starfsmaður mun framsenda svar Rögnvaldar til hópsins. Loks kynnti starfsmaður korta-gátt sem útbúin hefur verið á vefnum til nota fyrir vinnu faghópanna. Var það mat fundarmanna að vefsíðan ynni afar hægt og óvíst væri hversu vel hún myndi nýtast.

3. **Skimun gagna.** Fram kom að ekki væru tók á að fara í gegnum allar þær skýrslur og gögn sem liggja fyrir. Rík ástæða væri til að ráða hæfan starfskraft til að skima gögnin og gera hópnum grein fyrir þeim sem kæmu helst að notum. Anna mun ræða við Rannsóknamiðstöð ferðamála á Akureyri um hvort þeir geti lagt lið í þessum efnum. Að öðrum kosti mun Anna Dóra kanna möguleika meðal nemenda í ferðamálafræði HÍ um að taka verkefnið að sér að lokinni prófatörn vorsins. Samráð skal hafa við formann verkefnisstjórnar um fjármögnun þessarar vinnu.
4. **Næsti fundur** verður þann 1. apríl kl. 14:00 í Iðnaðarráðuneytinu. Til fundarins mun Jóhannes boða Árna Snæbjörnsson hlunnindaráðunaut Bændasamtakanna og Guðna Guðbergsson sérfræðing hjá Veiðimálastofnun.